

FRÓÐLEIKUR

Með hlýnandi loftslagi bráðna jöklar og hafís minnkar hratt. Stóru jökulhvelin á Grænlandi og á Suðurskautslandinu hafa minnkað á síðasta áratug og minni jöklar annars staðar á jörðinni eru að hverfa. Hafís á norðurhveli hefur dregist verulega saman, sérstaklega sumarísinn. Mælingar benda til að sjórinn hafi hlýnað og þess sér greinilega merki við Ísland. Frá því um 1960 hefur yfirborð sjávar hækkað um rúma 10 sentimetra. Aukinn styrkur CO₂ í lofthjúpunum leiðir til þess að sjórinn bindur í sér æ meira koltvíoíð. Flest bendir til þess að við þetta súrni höfin sem getur haft umtalsverðar afleiðingar fyrir vistkerfi þeirra eins og t.d. á kóralla. Margt þykir benda til að þetta sé m.a. að gerast í hafinu norður af Íslandi. Með hlýrri sjó umhverfis landið hverfa kuldasæknar lífverur, en aðrar koma í staðinn, t.d. makrill sem nú veiðist víða við land. Þá eykur hækkun sjávarborðs víða líkur á sjávarflóðum.



RÆÐIÐ

- Hvar er vatn í náttúrunni? Til hvers þurfum við vatn? Er til nóg vatn fyrir alla?
- Hvaða afleiðingar hefur það að hafa ekki aðgang að hreinu vatni?
- Hver er munur á fersku vatni og sjó?
- Hvaða áhrif hefur það ef sjávarborð hækkar?
- Næri 99% af öllum ís á jörðinni er bundinn í Grænlandsjökli og í jökli Suðurskautslandsins.
- Hvað gerist ef þessi mikli jökulís heldur áfram að bráðna, eins og hann gerir nú?
- Mengun hafsvæða er víða alverlegt vandamál. Hverjir eru helstu mengunarvaldar í hafinu og hvað er til úrbóta?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

- Vatn á ýmsu formi. Bráðnun íss (flýtur ís?), uppgufun, þétting. Hvernig verða skýin til? Hvað gerist ef pínulítið salt er sett í vatnið?
- Hlýir og kaldir hafstraumar. – *Komdu og skoðaðu hafið.*
- Hringrás vatnsins. – *Komdu og skoðaðu hringrásir.*
Vatnsnotkun. – könnun og vefleiðangur www.heimurinn.is

MIÐSTIG

- Hringrás vatns – *Komdu og skoðaðu hringrásir og Lífríkið í fersku vatni.*
- Notum við sama vatn og risaeðlurnar? <http://vefir.nams.is/dagsins/vatn.pdf>
- Hvaða áhrif hefur Golfstraumurinn á landið? *Norðurlöndin og Evrópa.*

UNGLINGASTIG

- Notum við sama vatn og risaeðlurnar? <http://vefir.nams.is/dagsins/vatn.pdf>
- Hversu mikið er vatnsmagn jarðar? <http://nams.is/dagsins/vatnid.pdf>
- Málfundur um mikilvægi þess að minnka mengun hafa og stranda um heim allan. Hvaða máli skiptir það fyrir okkur á Íslandi að fólk úti í heimi haldi hafi og ströndum hreinum?